

Landhelgissjóður Íslands
06 396

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Landhelgissjóður Íslands
kt. 710169-5869
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Meginstarfsemi Landhelgissjóðs Íslands er að halda utan um sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfnni sem rennur til sjóðsins og hlut Landhelgisgæslu Íslands af björgunarlaunum. Fé úr Landhelgissjóði skal varið til að fjármagna kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslu Íslands.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 0,4 milljónir og afkoma kr. -83,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -181,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.012,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landhelgissjóður Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landhelgissjóður Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Pétur U. Fenger

Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Framlög og ýmsar tekjur	2	390.326	12.249.950
Tekjur samtals		<u>390.326</u>	<u>12.249.950</u>
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	56.306.873	99.136.638
Annar rekstrarkostnaður	4	29.737.192	575.454
Gjöld samtals		<u>86.044.065</u>	<u>99.712.092</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(85.653.739)	(87.462.142)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	5	1.987.235	2.615.702
Afkoma ársins		<u>1.987.235</u>	<u>2.615.702</u>
		<u>(83.666.504)</u>	<u>(84.846.440)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(45.859.631)	8.929.987
Fjármagnstilfærslur		<u>(37.806.873)</u>	<u>(93.776.427)</u>
		<u>(83.666.504)</u>	<u>(84.846.440)</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	1.944.906.782	31.112.951
Handbært fé	7	67.355.037	87.109.058
Veltufjármunir samtals		<u>2.012.261.819</u>	<u>118.222.009</u>
Eignir samtals		<u>2.012.261.819</u>	<u>118.222.009</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		(181.652.733)	(97.986.229)
Eigið fé samtals		<u>(181.652.733)</u>	<u>(97.986.229)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	0	22.293.686
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	9	2.193.914.552	193.914.552
Skuldir samtals		<u>2.193.914.552</u>	<u>216.208.238</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.012.261.819</u>	<u>118.222.009</u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(83.666.504)	(84.846.440)
Handbært fé frá rekstri		<u>(83.666.504)</u>	<u>(84.846.440)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(1.936.087.517)	(8.468.972)
Fjárfestingarframlag		2.000.000.000	100.000.000
		<u>63.912.483</u>	<u>91.531.028</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(19.754.021)	6.684.588
		<u>87.109.058</u>	<u>80.424.470</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>67.355.037</u></u>	<u><u>87.109.058</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af tekjum vegna björgunar skipa.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Framlög og ýmsar tekjur		
Ýmsar tekjur	390.326	12.249.950
	<u>390.326</u>	<u>12.249.950</u>
3 Framlög og tilfærslur		
Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	56.306.873	99.136.638
	<u>56.306.873</u>	<u>99.136.638</u>
4 Annar rekstrarkostnaður		
Opinber gjöld	437.192	575.454
Tilfærslur	29.300.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>29.737.192</u>	<u>575.454</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>29.737.192</u>	<u>575.454</u>
5 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		
Ýmsar fjármunatekjur	1.987.235	2.615.702
	<u>1.987.235</u>	<u>2.615.702</u>
	31.12.2019	31.12.2018
6 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.944.906.782	31.112.951
	<u>1.944.906.782</u>	<u>31.112.951</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	22.293.686
	<u>0</u>	<u>22.293.686</u>
7 Handbært fé		
Sparisjóðsreikningar	67.355.037	87.109.058
	<u>67.355.037</u>	<u>87.109.058</u>
8 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(97.986.229)	(13.139.789)
Afkoma ársins	<u>(83.666.504)</u>	<u>(84.846.440)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(181.652.733)</u>	<u>(97.986.229)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.193.914.552	193.914.552
	<u>2.193.914.552</u>	<u>193.914.552</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	0	193.914.552	193.914.552
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.000.000.000	2.000.000.000
	<u>0</u>	<u>2.193.914.552</u>	<u>2.193.914.552</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá stofnuninni.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.